

Fyrsti fundur Leiðtogaráðs LUF

2. júlí 2020, Hitt Húsið, Rafstöðvarvegi 7, 110 Reykjavík, kl. 17:30

Mættir eru: JCI: Guðlaug Birna Björnsdóttir, SUF: Lilja Rannveig Sigurgeirsdóttir, Ingi Hrafn Pálsson, URKÍ, SHÍ: Guðný Ljósbrá Hreinsdóttir, Hugrún: Kristín Rós Sigurðardóttir, UAK: Kristjana Björk Barðdal, UJ: Nikólína Hildur Sveinsdóttir, UU: Jökull Jónsson, AUS: Guðmundur Sigurður Stefánsson, AUS, UE: Starri Reynisson, Uppreisn: Emilía Björt Írisardóttir, Hreindís Ylva Garðarsdóttir Hólm, SÍNE: Áslaug Heiða Gunnarsdóttir, Ungmennráð Þroskahjálpar: Sunna Dögg Ágústsdóttir.

Fulltrúar stjórnar: Forseti Una Hildardóttir (UH), gjaldkeri: Ásdís Nína Magnúsdóttir(ÁNM), ritari stjórnar: Rut Einarsdóttir(RE), alþjóðafulltrúi: Sara Þöll Finnbogadóttir (SPF). Skrifstofa: Sigurður Helgi Birgisson (SHB), starfandi framkvæmdarstjóri, Heiða Vigdís Sigfúsdóttir (HVS), verkefnastjóri og starfsnemarnir Gísli Örn Guðjónsson (GÖG) og Ólafur Daði Birgisson (ÓDB.)

Fundarstjóri: Una Hildardóttir forseti LUF, síðar tók Geir Finnsson við, forseti Leiðtogaráðs

Fundur settur: 17:43

- Drög að dagskrá 1. Leiðtogaráðsfundar:** UH kynnir dagskrá fundarins.
Til umræðu og samþykktar: UH gefur færi á athugasemdum, engar berast. Dagskráin er borin undir fundinn og samþykkt einróma.
- Kynningar aðildarfélaga** UH býður fulltrúum Leiðtogaráðs að kynna sig og starfsemi sinna félaga. Einnig fór fram kynning á fulltrúum stjórnar og starfsfólki félagsins.
- Framkvæmdaráætlun 2020-2021:** UH kynnir framkvæmdaráætlun.
Til umræðu og samþykktar: UH opnar fyrir umræður, engar athugasemdir bárust. UH ber framkvæmdaráætlun upp til atkvæðagreiðslu og var hún samþykkt einróma.
- Rekstraráætlun 2020-2021:** UH býður SHB að kynna rekstraráætlun.
Til umræðu og samþykktar: UH opnar fyrir umræður, engar athugasemdir bárust. UH ber rekstraráætlun upp til atkvæðagreiðslu og var hún samþykkt einróma
Geir Finnsson, forseti Leiðtogaráðs LUF tekur við fundarstjórn.
- Framboð til setu í Alþjóðanefnd LUF:** UH býður SPF í pontu sem kynnir starfsreglur Alþjóðanefndar, hlutverk og verkefni. Nefndin er skipuð fjórum fulltrúum úr Leiðtogaráði, ungmennafulltrúum LUF hjá Sameinuðu þjóðunum og alþjóðafulltrúa stjórnar. SPF tilkynnir að framboðsfrestur til setu í nefndina er liðinn. Fjögur framboð bárust frá: Guðmundi Sigurði Stefánssyni, fulltrúa AUS, Nikólínu Hildi Sveinstórrur, fulltrúa UJ, Þorgerði M. Þorbjarnardóttur, fulltrúa UU og Áslaug Heiða Gunnarsdóttir, fulltrúa SÍNE. Þau voru kjörin með lófaklappi.
- Rannsókn á fjárhagsstöðu aðildarfélaganna:** GF býður starfsnemunum GÖG og ÓDB upp í pontu. Þeir kynna rannsóknarverkefnið sem er styrkt af Nýsköpunarsjóð

námsmanna. Þeir hvetja aðildarfélög til að svara könnunum sem þeir hafa sent út á aðildafélögin.

7. **Norræn ungmenni í sjálfbærum samfélögum (NUBF):** GF býður SHB og HVS að kynna styrktaráætlun NUBF, en það er samstarfsverkefni Landssambanda ungmennafélaga á Norðurlöndunum og mennta- og barnamálaráðuneyti Danmerkur. NUBF er liður í formennsku Danmerkur í Norrænu ráðherranefndinni árið 2020-2022. Vakin er athygli á vinnustofu NUBF í Danmörku í september og hvetja aðildarfélögin til að deila og sækja um á [vefsíðu LUF](#).
8. **Stefnumótun:**GF tilkynnir að SpF muni stýra fyrsta skrefi í stefnumótun LUF að fundi loknum.
9. **Önnur mál:** Stjórn LUF býður Leiðtogaráði í grillveislu að fundi loknum.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 19:25

RE ritaði fundinargerð